



Reykjavík, 21. febrúar 2024

USK23120110

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að lögð verði gangbraut, undirgöng eða göngubrú á mótum Efstaleitis og Bústaðavegar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 13. desember 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins leggur til að gangbraut, undirgöng eð göngubrú verði lögð á mótum Efstaleitis og Bústaðavegar. Í hverfinu sunnan Bústaðavegar í kringum Sléttuveg búa mjög margir fatlaðir einstaklingar sem margir notast við hjólastóla eða önnur hjálpartæki. Þessir einstaklingar þurfa oft að fara yfir Bústaðaveg til að sækja ýmsa þjónustu. Það er langt fyrir þessa einstaklinga að fara alla leiðina að Háaleitisbraut til að þvera götuna

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 10. janúar 2024.

Umsögn:

Áætlað er að strætóstöð verði í framtíðinni á Bústaðavegi aðeins vestar við umrædd gatnamót. Vegna þessa er þegar hafin vinna hjá umhverfis- og skipulagssviði við að bæta umrædd gatnamót og er þar innifalið bættar þveranir fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík